

**17. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
31. ágúst 2015 og hófst hann kl. 18:00**

**Fundinn sátu:**

Ingpór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Þórunn María Örnólfsdóttir aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Hlini Baldursson aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar, Anna Leif Elíðóttir verkefnisstjóri, Jón Allansson forstöðumaður Byggðasafnsins í Görðum og Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður.

**Fundargerð ritaði:** Anna Leif Elíðóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1508127 - Smiðjuvellir 9 - leiga á geymsluhúsnæði f. Byggðasafnið**

Jóni Allanssyni forstöðumanni Safnasvæðisins er falið að rita bréf til leigusala þar sem fram kemur að ekki verði óskað eftir framlengingu á leigusamingi sem rennur út 31. desember 2015. Forstöðumanni jafnframt falið að skoða kosti varðandi geymsluhúsnæði til bráðabirgða í samráði við tæknideild. Áformað er að geymslu safnsins verði í framtíðinni á Safnasvæðinu.

**2. 1409232 - Garðakaffi - rekstur**

Erindi núverandi rekstaraðila Garðakaffis um framhald rekstar.

Tölvupóstur, dagsettur þann 28. ágúst 2015, frá rekstraraðilum Garðakaffis lagður fram en þar kemur fram að þær fyrirhuga ekki rekstur í vetur. Samingurinn, með möguleika á framlengingu, rennur út þann. 31. ágúst 2015.

Forstöðumanni falið að leysa málefni Garðakaffis frá 1. september 2015 þar til annað verður ákveðið.

Nefndin fjallaði um endurskoðun og hugsanlegar breytingar á opnunartíma Safnasvæðisins í vetur.

**3. 1508389 - Fjárhagsáætlun menningar- og safnanefndar 2016**

Fjárhagsáætlun menningar- og safnanefndar 2016 lögð fram.

Forstöðumenn fóru í stuttu máli yfir áherslur og óskir b. liðs í tíma og verkáætlunar fyrir hvert safn fyrir sig.

**4. 1501398 - Vökudagar 2015**

Fjárhagsáætlun Vökudaga 2016 lögð fram.

Verkefnastjóri leggur fram drög að fjárhagsáætlun vegna Vökudaga 2015 ásamt dagskrárdrögum en hátíðin verður haldin dagana 29. október til 8. nóvember nk. Tónlistarskólinn á Akranesi fagnar 60 ára afmæli þann 4. nóvember nk. Af því tilefni leggur nefndin til að kastljósi Vökudaga í ár verði beint þangað.

Eru þeir sem hafa áhuga á að vera með dagskrárlíð á Vökudögum hvattir til að hafa samband við Önnu Leif Elíðóttur, verkefnastjóra í menningartengdum verkefnum í tölvupósti á netfangið [anna.leif.elidottir@akranes.is](mailto:anna.leif.elidottir@akranes.is).

Halldóra Jónsdóttir vikur af fundi kl. 19.50.

Guðmundur Claxton vikur af fundi kl. 20.00.  
Jón Allansson vikur af fundi kl. 20.30.

**5. 1508026 - Dúmbó og Steini - leiga á íþróttahúsi við Vesturgötu**

Samþykkt bæjarráðs vegna umsóknar um leigu á íþróttahúsi við Vesturgötu lögð fram.

Menningar- og safnanefnd fagnar því að Dúmbó og Steini verði með stórdansleik þann 7. nóvember nk. Nefndin bendir á að æskilegt sé að viðburðir séu opnir almenningi til að flokkast sem hluti af formlegri dagskrá Vökudaga en tekur málið til efnislegrar skoðunar. Verkefnastjóra falið að koma álitni nefndarinnar til bæjarráðs.

**6. 1508390 - Menningarverðlaun Akraness 2015**

Nefndin felur verkefnastjóra að opna fyrir tilnefningar til menningarverðlauna 2015 á heimasíðunni.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:15.**

Tólfur B. Þorvaldur -  
ANDRIAS ÞORVALDSSON  
Jonella Sigmundsdóttir  
Hlivi Baldur  
Þórunn Magna Óskóla.  
Anna Lief  
Guðmundur Claxton